

Ed.

143. Nefndarátt

um frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get fallist á aðalgrundvöll frv. að því leyti, að friðaður sje þingstaður hinn forni við Öxará og næsta umhverfi hans, en mjer þykir frv. fara alt of langt út fyrir eðlileg takmörk með friðunina og ákvæði frv. vera að sumu leyti svo óákveðin og að öðru leyti varhgaverð, svo að á því þurfi að gera miklar breytingar.

Svæði það, sem frv. fer fram á að »friðlýsa«, virðist vera um 50 ferkm. að flatarmáli. Innan ummarkanna liggja 4 býli (Þingvellir, Vatnskot, Skógarkot, Hrauntún). Ummál svæðisins á landi virðist vera um 30 km. Á nefndarfundi var dómsmálaráðherra spurður, hvort hann ætlaðist til, að svæðið yrði afgirt með fjárheldri girðingu, og kvaðst hann ekki vita það; því yrði nefnd sú, sem kjósa á samkv. frv., að ráða. En mjer sýnist auðsætt, að »friðlýsing« á pappír-

um muni lítt nægja til þess að verja landið fyrir ágangi af sauðfje og geitum og friða algerlega skóginn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrífist. Ef þau ákvæði eiga að vera annað en pappirsgagn, verður að girða landið sauðheldri girðingu. En nú liggja alfaravegir gegnum svæðið á tvo vegu að minsta kosti, og mörkin liggja eftir bröttum hlíðum upp á nær 800 metra hátt fjall (Ármannsfell), og má því ekki vænta þess, að girðing reynist einhlít, nema miklu sje kostað til gæslu á svæðinu, enda er helst að ráða af aths. frv., að tilætlunin sje að halda þarna nokkra launaða gæslumenn.

Eftir frv. yrði útilokað að halda áfram sauðfjárbúskap á jörðum þeim, sem liggja á hinu friðlýsta svæði, og þar með hyrfu þær úr sögunni sem bændabýli. Í aths. frv. er gert ráð fyrir, að bygð geti haldist á þeim, en atvinnan verði »verndun staðarins«, þ. e. laun úr ríkissjóði fyrir umsjón og vörslu. Vegna friðunar hins forna þingstaðar er engin ástæða til að leggja þessi bændabýli niður; þau eru langt frá þingstaðnum og sjást ekki einu sinni þaðan. Slík fækkun bændabýla er ekki í samræmi við kröfur nútímans um fjölgun sveitabýla. Friðun skógarins utan hins forna þingstaðar og næsta umhverfis tel jeg að sje hreint skógræktarmál, og að ná megi öllu því, sem æskilegt er, með því að afgirða tiltekin svæði í hinu skógivaxna hrauni, og hygg, að það megi gera án verulegs hnekkis fyrir búskapinn.

Að öðru leyti vísa jeg til frv. þess um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir þingið 1926, og álits allsherjarnefndar Nd. þar um (Alpt. 1926, A.) og ber fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Almannagjá og sá hluti Brúsaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar og Fjárhúsamúla, sunnan Ármannsfells og vestan Sleðaáss, Sleða-ásgjár, Leirugjár, Háugjár og framhalds hennar, alt út til Þingvallavatns, að undanskildu Þingvallatúni, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti og vera friðlýst almenning.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Landsstjórnin sjer um, að svæði það, sem nefnt er í 1. gr., sje ákveðið nákvæmlega, og er henni heimilt að láta girða það fjárheldri girðingu. Landsstjórnin lætur halda uppi lögskilum öllum af þessu landi. Heimilt er henni að leyfa núverandi ábúendum jarða þeirra, er landið hefir tilheyrt, slægnaafnot af slægjublettum þeim, sem þar eru. Þeir, sem nú hafa lóðarrjettindi innan þessa svæðis, halda þeim meðan núverandi leigusamningar eru í gildi.

3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Náist ekki samkomulag við núverandi ábúendur Þingvalla og Brúsaða um bætur fyrir missi afnotarjettar af landi því, sem ræðir um í 1. gr., skal taka afnotarjettinn eignarnámi gegn niðurfærslu í afgjöldum, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

4. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Til aðstoðar landsstjórninni ræður afmælisnefnd Alþingis yfir hinu

friðlýsta svæði til ársloka 1930. Þar eftir kemur í hennar stað Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, og skal hún kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í byrjun hvers kjörtímabils, í fyrsta sinni þó á Alþingi 1930. Samkvæmt tillögum þessarar nefndar ákveður landsstjórnin með sjer-stakri reglugerð um notkun hins friðlýsta lands og friðun og gerir ráðstaf-anir til að verja það hverskonar skemdm.

5. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Í Þingvallaskógi eða annarsstaðar í þeim hluta Þingvallakirkjulands, er verður anstan hins friðlýsta svæðis og Ármannsfells, en sunnan Lágafells, má engiu nýbýli taka npp nje reisa þar sumarbústaði, nema leyfi landsstjórn-arinnar sje til fengið. Á þessu svæði má ekki höggva skóg eða hris nje rifa lyng, nema eftir fyrirmælum skógræktarstjóra, sem setur reglur nm notkun skóglendisins, og skal hafa strangar gætnr á, að farið sje eftir þeim.

6. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Afmælisnefnd Alþingis skal heimilt að taka til afnota í þarfir 1000 ára afmælishátíðar Alþingis árið 1930 land og landsnyttjar í landi Þingvalla-kirkjn, Kárastaða og Brúsastaðalandi, svo sem henni þykir þörf vegna há-tíðahaldanna. Náist ekki samkomulag um bætur fyrir afnotin, skulu þær ákveðnar með mati dómkvaddra óvilhallra manna.

7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn lögum þessnm varða sektum, frá 20—1000 kr. Slík viðnr-lög er landsstjórninni og heimilt að ákveða í reglugerð, settri samkvæmt lögnum. Með brot skal farið sem almenn lögreglumál.

8. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verðnr 8. gr., þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 10. febr. 1928.

Jón Þorláksson.